



Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 07. maí 2018

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

07. maí 2018, haldinn í Miklagarði kl. 12:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Baldur Kjartansson, Hinrik Ingólfsson, Heiðbjört Antonsdóttir, Höskuldur Haraldsson Axel Örn Sveinbjörnsson og Teitur Helgason.

Einnig sat fundinn Magnús Már Þorvaldsson er ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar óskaði formaður heimildar til að taka inn erindi eigenda Kolbeinsgötu 3 sem 6. mál á dagskrá. Samhljóða samþykkt.

Dagskrá:

1. mál: **Ljósaland** – Eigendur Ljóslands, Hágangur ehf., sækir um heimild til viðbyggingar við núverandi hús á Ljósalandi fyrir aðstöðu dýralæknis. Um er að ræða samtals 66,7 m² viðbyggingu sem samanstendur af dýralæknisaðstöðu og tengibyggingu. Meðfylgjandi er umsókn um byggingarleyfi og aðaluppdrættir.

Skipulags- og umhverfisnefnd hefur tekið erindið fyrir. Er þörf á frekari gögnum, m.a. er varðar brunavarnir í lýsingu og á teikningum. Þá vantar líka skráningartöfluna og afstöðumynd. Er fulltrúa falið að koma þessu á framfæri. Verður tekið fyrir að nýju svo skjótt sem viðbótargögn liggja fyrir. Samhljóða samþykkt.

2. mál: **Sigtún 2** – Umsókn eigenda Sigtúns 2 um heimild til breytinga á húsinu. Varðar málið nýjar dyr á vesturhlið og færsla á glugga á sömu húshlið. Meðfylgjandi er bréf dags. 24. apríl sl. ásamt ljósmyndum af húsinu fyrir og eftir breytingar, unnið í *Photoshop*.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að heimila framkvæmdirnar fyrir sitt leyti. Æskir nefndin þess að eigendur láti mæla upp húsið og leggi inn til byggingarfulltrúa uppdrætti af húsinu að afloknum framkvæmdum. Samhljóða samþykkt.

3. mál: **Eldisfóður ehf.** – Eldisfóður ehf. óskar að fá lóðinni við Háholt 7 skipt og æskir jafnframt heimildar til stækkunar lóðar til suðvesturs sbr. meðfylgjandi uppdrætti og tölvubréf framkvæmdastjóra, dags. 09. apríl sl.

Skipulags- og umhverfisnefnd telur er hægt verði að ganga frá lóðarskiptingu í eignaskiptasamningi og mælir með að sú leið verði farin enda muni hreppsnefnd samþykkja skiptinguna.

4. mál: **Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs** – Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna breyttrar legu Kröflulínu III. Meðfylgjandi er verklýsing hér að lútandi. Lagt fram til umsagnar.

Skipulags- og umhverfisnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur tekið fyrir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs er varðar lagningu Kröflulínu III og gerir engar athugasemdir við hana.

5. mál: **Bustarfell** – Eigendur Bustarfells æskja heimildar til að reisa smáhýsi/sauðburðarhús á jörðinni Bustarfalli. Meðfylgjandi eru uppdrættir og byggingarlýsing. Áður fyrir fund skipulagsnefndar 12. mars sl.

Skipulags- og umhverfisnefnd hefur tekið erindið fyrir að nýju og kallar eftir frekari gögnum sem fulltrúi upplýsir umsækjendur um. Verður erindið tekið fyrir svo skjótt sem viðbótargögn berast. Samhljóða samþykkt.

6. mál: **Kolbeinsgata 3** – Heimild til breytinga á húseigninni skv. erindi dags. 04. maí sl. sem felast m.a. í nokkrum breytingum innanhúss og lítilsháttar útlitsbreytinga. Ekki eru til uppdrættir af húsinu.

Yfirgaf Baldur fundinn undir þessum lið.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að heimila framkvæmdirnar fyrir sitt leyti. Svo sem fram kemur í eridinu hyggjast eigengur láta vinna grunnmynd af húsinu með áorðnum breytingum. Mælir nefndin með að hið sama eigi við um útlit hússins.

Samhljóða samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samhljóða samþykkt – fundi slitið kl. 12:45.